

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1987

8. júlí 1987

239

Nr. 71

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 8. júlí 1987 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Upphaf 1. mgr. 20. gr. orðist svo:

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentstöður og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð með skírskotun til heimildar í 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og öðlast gildi 15. september 1987.

Menntamálaráðuneytið, 8. júlí 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

3. september 1987

Nr. 72

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 3. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.